og vanda af sýningunni að þessu sinni og mun svo verða framvegis, hvaða stefna sem verður nú annars tekin. Dómnefnd skipuð einum fulltrúa veflistamanna frá öllum Norðurlöndum svo og fulltrúa listamiðstöðvarinnar í Svíavirki og til viðbótar einum frá Menningarhúsinu í Stokkhólmi (af hverju?) og ritara Þríæringsins valdi 81 verk af 600 innsendum.

Hvergi kemur fram hvers kyns verkum var hafnað né út frá hverju var gengið, en skyldi ekki einhvern gruna, að meðal þeirra hafi verið heilmikið af sígildum vefjarlistaverkum, en þau dæmd úr leik?

Einmitt sú staðreynd gerir þörfina meiri, og raunar brennandi, að sigla undir réttu flaggi og breyta nafni Þríæringsins og hér væri t.d. „Form og vefur" strax öllu réttari skilgreining en veflist.

Það hefur meira verið vandað til uppsetningar þessarar sýningar en annarra, sem ég hef haft spurnir af frá Norrænu listamiðstöðinni í Svíavirki. Þannig ferðast arkitekt með henni milli landanna og setur hana upp en ekki fylgir sögunni, hvort þetta sé venjulegur húsaarkitekt eða sýningararkitekt, en það er tvennt ólíkt og ber ekki að rugla saman. Starfsheitið sýningararkitekt er nefnilega til.

Það er skemmst frá að segja, að sýningin er fagmannlega sett upp og mjög vandað til hennar og vafalítið kostar þetta allt drjúgan skilding, sem ekki ber að sjá eftir, nái sýningin tilgangi sínum. En þá er spurningin, hver sá tilgangur sé, og þeirri spurningu er lítið svarað í annars veglegri sýningarskrá, en hins vegar hlaupið til goðafræðinnar hátt upp í skýjunum og sagt frá Penelópu og vefum hennar, sem er skemmtileg ritsmíð. En það má efast um að þetta sé vænlegasta leiðin til að ná til fjöldans né að kalla hann til veflistarþings, þar sem lítill er vefurinn og í sumum tilvikum nákvæmlega jafn mikill og í nýju fötum keisarans.

En það er skýrt tekið fram að þetta er eins konar tilraun og uppstokkun og það var einmitt tilefni til þessara hugleiðinga.

En einnig má hér koma fram, að það eru afar fáir, sem fram að þessu hafa ratað á sýninguna á Kjarvalsstöðum, en skyldi aðstreymið ekki aukast í framtíðinni, ef viðkomandi *koma til dyranna eins og þeir eru klæddir*? Þá er sýningartíminn alltof stuttur til að slík sýning geti unnið sig upp og eiginlega hálfu styttri en á hinum Norðurlöndunum, að Færeyjum undanskildum.

Um listgildi verkanna er varla tilefni til að ræða hér, þótt að sjálfsögðu sé það upp og ofan sem á öðrum stórsýningum og innan um eru gullfallegir hlutir. Sýningin í heild er þó frekar jöfn og allar þjóðirnar virðast jafn langt á veg komnar í hinum nýju viðhorfum eftir sýningunni að dæma, sem þó er frekar gluggi að viðhorfum dómnefndar.

En meginmáli skiptir hér sem á öðrum alþjóðlegum sýningum, að undirstaðan sé réttleg fundin og stefnan mörkuð samkvæmt því . . .

af þessu tagi. Hins vegar vaxa ribsberjarunnar villtir á Nýfundnalandi og í Kanada, þar sem Leifur heppni Eiríksson fór um og dvaldi á sínum tíma. Hann gaf landinu nafnið *Vínland hið góða* í samræmi við landkosti þess eins og þá var háttur, samanber Helluland, þar sem lítið sást annað en berar klappir, og Markland vegna mikilla skóga. Það fer ekki á milli mála, að þeim Leifi heppna og félögum hafi, eftir mánaðalanga útivist á sjó við fjörefnalítinn kost, þótt matur í að komast síðla sumars til lands, þar sem allt var fullt af ribsberjarunnum með þroskuðum rauðum vínberjum (ribsberjum) á hverri grein. Þar var hin fjörefnaríka næring, sem þá vanhagaði mest um, og auk þess möguleikinn að gera sér glaðan dag eftir gifturíka ferð. Ekki er vitað með vissu, hvernig norrænir menn brugguðu úr þessum berjum á þeim tíma, en vísast hefur það verið með ýmsu móti og ýmislega til tekizt . . .

Doktorsvörn í Lundi:


Þrjár nýjungar í rannsóknum á tíðarverkjum

ARNAR Hauksson, kvensjúkdómalæknir, hefur varið doktorsritgerð sína við Háskólann í Lundi í Svíþjóð. Ritgerðin samanstendur af sex sjálfstæðum en samtengdum rannsóknum, sem greint hefur verið frá í læknatímaritum og unnar voru í Svíþjóð og hérlendis frá 1982-1987. Í doktorsritgerðinni koma fram þrjár nýjungar: ný rannsóknaraðferð til að mæla blóðflæði í lifandi líffæri, nýtt lyf við tíðarverk og nýjar skýringar á lækningaráhrifum getnaðarvarnapilla á tíðarverk.

Ritgerð Arnars ber heitið Primary Dysmenorrhoea, influence of vasopressin and oxytocin analogues on uterine contractibility and blood-flow and effects of oral contraceptives in dysmenorrhoea. Rannsóknir Arnars beindust að orsökum og orsakavöldum tíðarverkja kvenna, aðferðum til að meta og mæla orsakaþætti sem og að prófa lyf til lækninga tíðarverkja.

Luku andmælendur lofsorði á ritgerðina. Niðurstöður Arnars þykja kollvarpa fyrri hugmyndum um lækningaráhrif p-pilla. Í nýjasta hefti breska Kvensjúkdómalæknatímaritsins er fjallað um blóðflæðirannsóknir hans í leiðara en Arnar hefur í samvinnu við breska og sænska lækna þróað nýja aðferð til að mæla og skrá blóðflæði í legvöðva kvenna. Þessi aðferð gerði kleift í fyrsta skipti að mæla samtímis magn og styrk samdrátta í legvöðva og skrá breytingar á blóðflæði samfara því.

Arnar Hauksson er sonur hjónanna Hauks Oddsonar, sjómanns, og Sigríðar A. Magnúsdóttur. Faðir hans lést árið 1968. Arnar varð stúdent frá VÍ árið 1968 og lauk læknaprófi frá HÍ árið 1975. Hann stundaði framhaldsnám í kvensjúkdómum og fæðingahjálp, fyrst við Landsspítalann en frá 1979 í Lundi. Þaðan varð hann sérfræðingur í



Arnar Hauksson.

grein sinni 1983. Arnar Hauksson kom til starfa hérlendis 1986. Hann starfar nú meðal annars við Kvennadeild Landsspítalans og mæðravernd heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Hann er kvæntur Elínborgu J. Björnsdóttur og eiga þau tvö börn.

Ný matvælalög undirbúin

HEILBRIGÐIS- og tryggingamálaráðuneytið hefur skipað nefnd til að gera tillögur að nýjum matvælalögum.

Í fréttatilkynningu segir að nefndinni sé sérstaklega falið að huga að löggjöf annarra Norðurlanda með það fyrir augum að kanna hvort hagkvæmt sé og æskilegt að samræma íslenska löggjöf á þessu sviði löggjöf annarra Norðurlanda eins og gert er ráð fyrir í samþykktum norrænu ráðherranefndarinnar um málefni á þessu sviði.

Í nefndinni eiga sæti: Ingimar Sigurðsson, lögfræðingur, formaður, Jón Gíslason, næringafr. tiln. af Hollustuv. ríkisins, Elín Hilmarsdóttir, matvælafr., tiln. af iðnaðarráðuneytinu, Páll Á. Pálsson, yfirdýralæknir, tiln. af landbúnaðarráðuneytinu, Edda Magnúsdóttir, fulltrúi, tiln. af sjávarútvegsráðuneytinu, og Valgerður Hildibrandsdóttir, næringafr., tiln. af Neytendasamtökunum.

ÚTSÖLU·BOMBA

Í VÖRUHÚSINU, EIÐISTORGI

EYMUNDSSON

Bókamarkaður. Íslenskar og erlendar bækur, ritföng og margt, margt fleira á frábæru verði.

fólk fólk fólk

Barna-, kven- og herrafatnaður ásamt úrvali heimilisvara. 25-70% afsláttur.

hummel SPORTBÚÐIN

Íþróttavörur og sportfatnaður frá Hummel, Puma, Lutha ofl. ofl. Úlpur í úrvali. 20-50% afsláttur.

SKÓVERSLUN FJÖLSKYLDUNNAR

Skór á alla fjölskylduna. Mikið úrval — gott verð. 20-70% afsláttur.

ÓTRÚLEGA LÁGT VERÐ

VÖRUHÚSIÐ EIÐISTORGI



OPNUNARTÍMI:
MÁN.- FÖST. 10 - 18.30
LAUGARDAGA 10 - 16
SUNNUDAGA 13 - 18